Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár *).	4,13%	3,99%	3,76%	4,00%	3,24%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár *).	2,73%	1,22%	0,62%	1,35%	1,71%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	35,4%	34,2%	34,8%	35,1%	30,6%
Skráð skuldabréf	49,3%	50,5%	51,1%	49,4%	52,6%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	10,5%	10,7%	10,3%	12,1%	13,2%
Óskráð skuldabréf	4,4%	3,6%	3,0%	2,1%	2,0%
Bundnar bankainnstæður	0,4%	0,6%	0,8%	1,3%	1,6%
Fjárfestingar í ibúðarhúsnæði	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	71%	74%	76%	75%	73%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	29%	26%	24%	25%	27%
Fjöldi virkra sjóðfélaga:	15.086	14.486	13.903	13.348	13.073
Fjöldi sjóðfélaga í árslok:	89.433	87.292	85.711	87.446	85.856
Fjöldi lífeyrisþega:	9.620	9.059	8.559	8.094	7.603
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	70,6%	68,9%	67,4%	65,6%	65,5%
Örorkulífeyrir	24,4%	25,7%	26,9%	28,4%	28,1%
Makalífeyrir	4,3%	4,6%	4,7%	4,9%	5,3%
Barnalífeyrir	0,7%	0,8%	0,9%	1,0%	1,1%
Stöðugildi:	18,3	15,0	14,0	13,5	13,5
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)	11.831.750	10.269.519	9.129.960	8.335.233	7.631.034
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	5.754.823	5.400.054	5.094.579	4.876.149	4.540.488
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	10.056.488	13.760.819	3.950.163	19.381.995	9.866.253
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	428.923	378.772	318.479	280.499	289.834
Hækkuun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	15.704.491	18.251.512	7.667.066	22.560.581	12.666.965
Lífeyrisþyrdi	48,6%	52,6%	55,8%	58,5%	59,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	3,6%	3,7%	3,5%	3,4%	3,8%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna *)	5,0%	6,9%	2,1%	10,9%	6,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,20%	0,19%	0,17%	0,16%	0,18%

*) Hrein raunávöxtun er reiknuð af hreinum fjárfestingatekjum að frádregnun rekstrarkostnaði og öðrum gjöldum. Í útreikningum á hreinum fjárfestingatekjum sem hlutfalli af meðalstöðu eigna hafa önnur gjöld verið dregin frá fjárfestingatekjum. Fast verðlag miðast við breytingar á visitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Skýringar.

Kennitölur

	2018	2017	2016	2015	2014
Séreignardeild:					
Hrein raunávöxtun - Innlána safnið.....	-0,35%	2,44%	2,55%	2,69%	2,84%
Hrein raunávöxtun - Varfærna safnið.....	-0,19%	6,15%	1,33%	7,87%	4,72%
Hrein raunávöxtun - Áræðna safnið.....	-0,72%	5,34%	-0,20%	8,05%	6,90%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Innlána safnið.....	2,03%	2,67%	2,68%	2,75%	3,43%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Varfærna safnið.....	3,93%	4,85%	4,44%	5,07%	6,23%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Áræðna safnið.....	3,81%	4,80%	4,95%	4,95%	5,31%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Varfærna safnið.....	5,68%	6,56%	6,61%	7,71%	8,14%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Áræðna safnið.....	5,00%	5,99%	5,99%	7,42%	8,77%
Séreignardeild, öll söfn:					
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	55,4%	48,9%	45,1%	33,2%	44,0%
Skráð skuldarbréf	44,6%	47,9%	51,3%	62,6%	50,4%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	3,2%	3,6%	4,2%	5,5%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	78,7%	73,1%	84,2%	78,3%	77,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	21,3%	26,9%	15,8%	21,7%	22,4%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	3,1%	7,4%	3,0%	9,7%	7,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%

Deildaskipt yfirlit yfir breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018

Séreignardeild

	Alls Séreign		Varfærna safnið		Áræðna safnið		Innlána- og Húsnæðissafnið	
	2018	2017	2018	2017	2018	2017	2018	2017
Iðgjöld								
Iðgjöld sjóðfélaga	162.787	150.659	27.893	20.439	54.897	50.620	79.998	79.599
Iðgjöld launagreiðenda	115.225	100.606	23.421	15.120	47.820	41.533	43.983	43.953
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(126.311)	(22.554)	44.440	13.117	(49.980)	108.833	(120.771)	(144.504)
Sérstök aukaframlög	151.701	228.710	95.753	48.676	52.737	200.986	3.210	(20.952)
	151.701	228.710	95.753	48.676	52.737	200.986	3.210	(20.952)
Lífeyrir								
Heildarfjárhæð lífeyris	211.732	119.931	96.117	57.986	101.005	52.556	14.610	9.390
	211.732	119.931	96.117	57.986	101.005	52.556	14.610	9.390
Hreinar fjárfestingartekjur								
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	9.622	107.623	(1.237)	19.477	10.859	88.146	0	0
Hreinar tekjur af skuldabréfum	143.286	247.286	47.277	81.950	96.009	165.336	0	0
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum	0	6.406	0	(33)	0	(23)	0	6.463
Vaxtatekjur af handbæru fé	15.346	20.512	1.103	3.767	1.867	3.768	12.377	12.977
Vaxtatekjur af iðgjöldum og örðrum kröfum	1.062	266	230	23	770	157	62	86
	169.316	382.094	47.373	105.184	109.505	257.384	12.439	19.526
Rekstrarkostnaður								
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	27.238	26.092	6.793	6.561	18.317	17.577	2.128	1.953
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris								
Hrein eign frá fyrra ári	82.046	464.781	40.217	89.313	42.919	388.237	(1.089)	(12.769)
	5.415.634	4.950.853	1.329.075	1.239.762	3.653.337	3.265.100	433.222	445.991
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok								
	5.497.680	5.415.634	1.369.291	1.329.075	3.696.256	3.653.337	432.133	433.222

Deildaskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2018

Séreignardeild

	Alls Séreign		Varfærna safnið		Áræðna safnið		Innlána- og Húsnæðissafnið	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eignir								
Fjárfestingar								
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	2.728.933	2.478.546	596.657	466.556	2.132.276	2.011.990	0	0
Skuldabréf	2.196.776	2.428.556	728.884	794.051	1.467.892	1.634.506	0	0
Bundnar bankainnstæður	0	160.012	0	0	0	0	0	160.012
	<u>4.925.709</u>	<u>5.067.115</u>	<u>1.325.541</u>	<u>1.260.607</u>	<u>3.600.168</u>	<u>3.646.496</u>	<u>0</u>	<u>160.012</u>
Kröfur								
Kröfur á launagreiðendur	31.740	18.887	4.033	2.269	10.974	6.786	16.733	9.832
Handbært fé	540.232	329.632	39.717	66.199	85.114	55	415.401	263.378
Eignir samtals	<u>5.497.680</u>	<u>5.415.634</u>	<u>1.369.291</u>	<u>1.329.075</u>	<u>3.696.256</u>	<u>3.653.337</u>	<u>432.134</u>	<u>433.222</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	<u>5.497.680</u>	<u>5.415.634</u>	<u>1.369.291</u>	<u>1.329.075</u>	<u>3.696.256</u>	<u>3.653.337</u>	<u>432.134</u>	<u>433.222</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

Séreignardeild

	Alls Séreign		Varfærna safnið		Áræðna safnið		Innlána- og Húsnaðissafnið	
	2018	2017	2018	2017	2018	2017	2018	2017
Inngreiðslur								
Iörgjöld	138.848	225.250	93.989	48.671	48.549	199.058	(3.691)	(22.480)
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	16.408	26.918	1.333	3.734	2.636	3.745	12.439	19.440
	155.256	252.168	95.322	52.405	51.185	202.803	8.748	(3.040)
Útgreiðslur								
Lifeyrir	211.732	119.931	96.117	57.986	101.005	52.556	14.610	9.390
Rekstrarkostnaður	27.238	26.092	6.793	6.561	18.317	17.577	2.128	1.953
	238.970	146.023	102.910	64.547	119.323	70.133	16.738	11.343
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(83.714)	106.145	(7.588)	(12.142)	(68.137)	132.670	(7.990)	(14.383)
Fjárfestingarhreyfingar								
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	21.045	10.912	4.352	2.068	16.692	8.844	0	0
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(1.341.938)	(1.468.017)	(366.548)	(400.165)	(975.389)	(1.067.852)	0	0
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.080.128	1.028.206	230.858	323.422	849.270	704.784	0	0
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	119.932	12.346	39.177	4.092	80.755	8.254	0	0
Keypt skuldabréf	(110.492)	(368.442)	(55.805)	(103.194)	(54.687)	(265.248)	0	0
Seld skuldabréf	365.627	381.419	129.071	129.210	236.555	252.210	0	0
Endurgeidd bundin innlán	160.012	(6.525)	0	267	0	225	160.012	(7.016)
	294.314	(410.101)	(18.894)	(44.300)	153.196	(358.783)	160.012	(7.016)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	210.600	(303.956)	(26.482)	(56.442)	85.059	(226.113)	152.023	(21.399)
Handbært fé í upphafi árs	329.632	633.587	66.199	122.641	55	226.170	263.378	284.776
Handbært fé í lok árs	540.232	329.632	39.717	66.199	85.114	55	415.401	263.378

Stjórnarháttayfirlýsing

Tilgangur

Góðir stjórnarhættir eru að mati Stapa lífeyrissjóðs forsenda þess að starfsemi sjóðsins sé árangursrík og að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Með góðum stjórnarháttum vill sjóðurinn leggja grunn að vönduðum og faglegum vinnubrögðum og góðum og uppbyggilegum samskiptum við sjóðfélaga og launagreiðendur sem greiða iðgjöld til sjóðsins. Þannig er stuðlað að trausti í samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur, viðskiptamenn og aðra þá sem samskipti eiga við sjóðinn. Hluti af góðum stjórnarháttum er að stefna að því að þjónusta sjóðsins sé ávallt til fyrirmynadar, hann ráði yfir öflugri upplýsingatækni og stuðli að gagnsæi í starfsemi sinni með því að veita góðar og áreiðanlegar upplýsingar.

Við móton stjórnarháttá hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Hlutverk Stapa lífeyrissjóðs

Samkvæmt lögum er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Þessari skyldutryggingu lífeyrisréttinda er ætlað að veita lágmarks tryggingavernd á þeim tímabilum ævinnar, þegar launatekna nýtur ekki við. Auk þessa gera löginn ráð fyrir því að einstaklingar geti safnað viðbótarlífeyrissparnaði til að stuðla að meiri sveigjanleika við starfslok eða rýmri fjárráðum á eftirlaunaárunum. Markmið laganna er að stuðla að tryggari fjárhagslegri framtíð starfandi fólks með því að byggja upp lífeyrisréttindi á starfsævinni. Stapi lífeyrissjóður er deildaskiptur sjóður, sem bæði veitir skyldutryggingu og býður upp á viðbótarlífeyrissparnað. Tryggingadeild sjóðsins sinnir skyldutryggingu lífeyrisréttinda og séreignardeildir hans bjóða upp á mismunandi sparnaðarleiðir í viðbótarlífeyrissparnaði.

Hlutverk Stapa er að stuðla að fjárhagslegu öryggi sjóðfélaga sinna, maka þeirra og barna. Þetta gerir sjóðurinn með því tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins, þegar þeir láta af störfum að lokinni starfsævi eða verða fyrir áföllum vegna fráfalls eða skertrar starfsorku. Starfsemi sjóðsins felst í að taka við iðgjöldum frá sjóðfélögum, ávaxta þau og endurgreiða í formi lífeyris.

Lög og reglur um stjórnarhætti sem Stapi lífeyrissjóður fylgir

Stapi lífeyrissjóður starfar samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu. Sjóðurinn starfar eftir gildandi lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stapi er eftirlitsskyldur aðili í samræmi við lög nr. 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi. Ýmis önnur lög taka til þátta í rekstri sjóðsins, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt lögum, sem og reglur og leiðbeinandi tilmæli sem Fjármálaeftirlitið hefur sett um starfsemi lífeyrissjóða.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sjálfur sett sér reglur til að sinna hlutverki sínu sem best, s.s. starfsreglur stjórnar, skilgreiningu á óvenjulegum og mikilsháttar ráðstöfunum, reglur um lykilstarfsmenn, verklagsreglur um verðbréfaviðskipti, siðareglur, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga, reglur um fjárfestingarráð og heimildir þess og samskipti við framkvæmdastjóra og stjórn, reglur um endurskoðunarnefnd, reglur um varnir gegn peningaþvætti, auk fleiri reglna sem taka til einstakra þátta í starfsemi sjóðsins. Yfirlit yfir reglur um starfsemi sjóðsins má finna á heimasíðu hans www.stapi.is.

Stjórnarháttayfirlýsing

HLUTVERK STJÓRNAR OG SKIPULAG Stapa lífeyrissjóðs

Samkvæmt lögum ber stjórn Stapa lífeyrissjóðs ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Hún skal móta fjárfestingarstefnu, móta innra eftirlit, skjalfesta eftirlitsferla og móta eftirlitskerfi sem gera sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeiri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn sjóðsins. Hlutverk stjórnar er að kynna sér, gera sér grein fyrir og móta stefnu um þá áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins, þ.m.t. að setja henni ásættanleg mörk. Hluti þeirrar vinnu felst í að móta sérstaka áhættustefnu, ganga frá áhættuáætlun og móta fjárfestingarstefnu, sem skilað er inn til Fjármálaeftirlits árlega.

Stjórn sjóðsins er kjörin á ársfundi hans og er hún skipuð 8 einstaklingum og skulu kynjahlutföll vera jöfn. Kjörnir eru fjórir varamenn og gilda sömu reglur um þá. Stjórnin skipar endurskoðunarnefnd, sem í eiga sæti þrír einstaklingar, og regluvörð.

Nánari upplýsingar um skipurit Stapa lífeyrissjóðs má finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum og skal fylgjast með virkni þess. Stjórnin skal móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirk.

Stjórnin hefur skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar, eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis, fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega með innri endurskoðanda, áhættustjóra og eftir atvikum öðrum starfsmönnum sjóðsins og skilar um það skýrslum til stjórnar.

Auk stjórnendaeftirlits og eftirlits áhættustjóra hefur stjórnin ráðið innri endurskoðanda sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innri endurskoðandi sjóðsins er KPMG. Innri endurskoðandi framkvæmir eftirlitsaðgerðir reglulega og skilar um það skýrslum til stjórnar. Innri endurskoðandi starfar í nánu sambandi við endurskoðunarnefnd og áhættustjóra.

Hjá sjóðnum starfar áhættustjóri, sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra sjóðsins og hefur milliliðalausan aðgang að stjórn. Áhættustjóri hefur umsjón með allri áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum, þ.m.t. áhættuflokkun og skipulagi áhættustýringar og skal sjá til þess að stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd hafi sem bestar upplýsingar um alla áhættustýringu og áhættustig, miðað við stefnu og samþykkt verklag. Áhættustjóri hefur yfirumsjón með móton áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, eigin áhættumati og gerð áhættuáætlunar í samráði við framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og fjárfestingarráð. Áhættustefna, áhættustýringarstefna, eigið áhættumat og áhættuáætlun skulu lagðar fyrir stjórn til samþykktar.

Stjórnarháttayfirlýsing

Lögfræðingur sjóðsins sinnir starfi regluvarðar í samræmi við verklagsreglur sjóðsins um verðbréfaviðskipti og heyrir sem slíkur beint undir stjórn. Öll viðskipti starfsmanna og stjórnar, sem eru tilkynningarskyld, skulu tilkynnt til regluvarðar og hefur hann heimildir til að kalla eftir upplýsingum um viðskipti sjóðsins og úr skattframtölum starfs- og stjórnarmanna. Regluvörður gefur innri endurskoðanda reglulega skýrslu um störf sín, sem síðan eru tilgreind í skýrslu endurskoðanda til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Fjárfestingarstefna og áhættustefna

Stjórn sjóðsins hefur mótað fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingarstefnan lýsir stefnu við fjárfestingar og ávoxtun fjár sjóðfélaga. Þarf hún að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Fjárfestingarstefna tekur til fjölmargra atriða sem hafa þarf í huga við fjárfestingar. Hún lýsir þeim viðhorfum sem sjóðurinn hefur til fjárfestinga, hvernig fjárfestingarstefna er mótuð, hvert skipulag fjárfestingarstarfseminnar er, hver ávoxtunarmarkmið sjóðsins eru, hvert viðhorf sjóðsins er til áhættu og skilgreinir áhættuþol hans og markmið um áhættutöku. Stefnan skilgreinir í hvaða eignaflokkum sjóðurinn fjárfestir, hvernig eignasöfn eru sett saman, hver lausafjárþörf sjóðsins er til að mæta útgreiðslum, hvaða viðhorf eru til ríkjandi markaðsaðstæðna og hvernig eftirfylgni og upplýsingagjöf er háttað. Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu Stapa lífeyrissjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is.

Stjórn hefur mótað áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og sett sjóðnum eftirlits- og hlítингarskrá. Í þessum reglum er að finna lýsingu á skipulagi sjóðsins, eignastýringar og fjárfestingarstarfsemi, eftirlits og hvernig áhættustýringu sjóðsins og innra eftirliti er háttað, þ.m.t. aðgerðum til að tryggja að starfsemi sjóðsins hlíti þeim lögum og reglum sem um hann eru settar. Í áhættustefnu er öllum helstu áhættuþáttum í rekstri sjóðsins lýst, sem og þeim aðferðum sem hann beitir við að bera kennsl á, mæla og stýra þessum áhættuþáttum. Þar er skilgreind dagskrá um hvenær tiltekin aðgerð skuli framkvæmd, hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og hver framkvæmir. Stjórn fær regluleg yfirlit og skýrslur um áhættu sjóðsins, niðurstöðu áhættumælinga og framkvæmd áhættustýringar, auk skýrslna um hlítingu við lög, reglur og stefnu, sem gerir henni kleift að hafa eftirlit með og meta árangur af gildandi áhættustefnu og skilvirkni áhættustýringarinna. Þá framkvæmdi Stapi eigið áhættumat í fyrsta skipti á árinu 2018 í samræmi við ákvæði reglugerðar 590/2017. Nánari upplýsingar um áhættustefnu Stapa lífeyrissjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Markmið og gildi

Sjóðurinn hefur skilgreint markmið um starfsemi sjóðsins gagnvart mismunandi hagsmunahópum og þau gildi sem stjórn og starfsmenn sjóðsins eiga að hafa sem leiðarljós í störfum sínum fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga hans.

Samfélagsleg ábyrgð

Stapi lífeyrissjóður telur að samfélagsleg ábyrgð sé mikilvægur þáttur í góðum stjórnarháttum. Stapi gerir sér grein fyrir því að hann hefur áhrif á kjör sjóðfélaga sinna, hann hefur áhrif á þá aðila sem hann fjárfestir í sem og efnahagsleg og félagsleg áhrif á félagssvæði sínu og nærumhverfi. Stapi hefur samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi bæði inn og út á við í störfum sínum og athöfnum í samskiptum sínum við sjóðfélaga, starfsmenn, viðskiptavini, bjónustuaðila og samfélagið í heild. Sjóðurinn hefur mótað sérstaka stefnu sem kölluð er „Leiðbeiningar og stefnumið um stjórnarhætti, fyrirsvar og

Stjórnarháttayfirlýsing

félagslega ábyrgar fjárfestingar“ þar sem lýst er eigendastefnu sjóðsins og viðhorfum til stjórnarháttá, umhverfis og félagslegrar ábyrgðar. Þá gerðist Stapi á árinu 2017 stofnaðili að íslenskum samtökum um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, IcelandSIF.

Samskipti við sjóðfélaga

Sjóðurinn hefur sett sér reglur um samskipti við sjóðfélaga. Sjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit um réttindi sín tvívar á ári. Sjóðurinn býður auk þess upp á sjóðfélagavef, þar sem sjóðfélagar geta fengið upplýsingar um lífeyrisréttindi sín hjá sjóðnum auk upplýsinga um iðgjaldaskil og aðgang að rafrænum skjölum, sem þeim tengjast. Einnig er þar að finna reiknivélar, þar sem hægt er að reikna út lífeyri miðað við núverandi og væntanleg réttindi sem og greiðslubyrði lána. Þá heldur sjóðurinn úti öflugri heimasíðu, þar sem finna má margháttaðar upplýsingar um sjóðinn og hagsmuni og réttindi sjóðfélaga, þar á meðal hvernig bera á sig að við að sækja um lífeyri o.fl.

Stjórnarháttayfirlýsing

Upplýsingar um stjórnarmenn, endurskoðunarnefnd og framkvæmdastjóra

Stjórn:

Unnar Már Pétursson, stjórnarmaður, fæddur 1965. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörinn í stjórn á ársfundi 2018. Unnar er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Cand oecon frá Háskóla Íslands
- Starf: Fjármálastjóri Ramma hf.
- Önnur trúnaðarstörf: Endurskoðunarnefnd Stapa lífeyrissjóðs, Karlsberg ehf. framkvæmdastjóri og meðstjórnandi, Marteinn Haraldsson ehf. framkvæmdastjóri, Primex Medical Investments ehf. framkvæmdastjóri og meðstjórnandi, Primex ehf. meðstjórnandi, Yummy Yummy ehf. stjórnarmaður og Arctic Seafood Ltd. stjórnarmaður.

Guðbjörg Særún Björnsdóttir, stjórnarmaður, fædd 1965. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörin í stjórn á ársfundi 2018 en baðst lausnar í febrúar 2019. Guðbjörg er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun:
- Starf: Matráður hjá Grunnskólanum austan Vatna
- Önnur trúnaðarstörf: Varaformaður stjórnar Öldunnar stéttarfélags

Erla Jónsdóttir, fædd 1974. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Varamaður frá ársfundi 2014. Tók sæti sem aðalmaður nóvember sama ár, var kjörin í aðalstjórn á ársfundi 2015. Varaformaður stjórnar frá ársfundi 2017 og formaður stjórnar frá ársfundi 2018. Erla er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: B.Sc. í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri
- Starf: Framkvæmdastjóri og eigandi Lausnamið ehf.
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Landssamtökum lífeyrissjóða, stjórnarmaður í Lausnamiðum ehf.

Huld Aðalbjarnardóttir, fædd 1968. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörin sem aðalmaður á ársfundi 2014. Formaður stjórnar frá ársfundi 2017 og varaformaður stjórnar frá ársfundi 2018. Huld er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: B.ed. frá KHÍ, LMI í stjórnun, próf sem viðurkenndur bókari
- Aðalstarf: Skrifstofu- og fjármálastjóri Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Þingeyjardeild KEA

Kristín Halldórsdóttir, fædd 1966. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörin á ársfundi 2014. Kristín er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Diploma í rekstrar- og viðskiptafræði, mjólkurtæknifræðingur, mjólkurfræðingur
- Starf: Mjólkurbússtjóri MS á Akureyri
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Samtökum atvinnurekenda á Akureyri, nefndarmaður í framkvæmdaneftnd Glerárkirkju, fulltrúi SA í heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, nefndarmaður í skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri og situr í Fagráði mjólkurðinaðarins.

Sverrir Mar Albertsson, fæddur 1958. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörinn varamaður á ársfundi 2013. Tók sæti sem aðalmaður í stjórn á árinu 2014. Kjörinn aðalmaður í stjórn á ársfundi 2015. Sverrir er óháður Stapa lífeyrissjóði.

Stjórnarháttayfirlýsing

- Menntun: Stúdent frá Flensborgarskóla, nám í Læknadeild HÍ, fjöldmiðlanám í Carleton University- School of Journalism, nám við HÍ í fjármálastjórn og verkefnastjórnun
- Starf: Framkvæmdastjóri AFLs Starfsgreinafélags
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnamaður í Útgáfufélagi Austurlands ehf., stjórnamaður í Námsveri ehf. og ýmis nefndarstörf á vegum AFLs, ASÍ og landssambanda ASÍ.

Tryggi Jóhannsson, fæddur 1973. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörinn varamaður á ársfundi 2014 og aðalmaður á ársfundi 2015. Tryggi er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Grunnskólapróf, ýmis starfstengd námskeið
- Starf: Starfsmaður hjá Þrif og ræstivörum
- Önnur trúnaðarstörf: Formaður í stjórn Matvæla- og þjónustudeilda Einingar-löju, stjórnamaður Einingar-löju, situr í trúnaðarráði og í samninganefnd Einingar-löju.

Valdimar Halldórsson, fæddur 1973. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörinn aðalmaður á ársfundi 2017. Valdimar er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Stúdentspróf frá Framhaldsskólanum á Húsavík, B.A. í hagfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands
- Starf: Framkvæmdastjóri Norðursiglingar hf.
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnamaður í Íslenskum textíliðnaði hf. (Ístex), stjórnamaður í Isavia ohf., stjórnamaður í Willa Franz ehf.

Endurskoðunarnefnd:

Halla Bergþóra Halldórsdóttir, fædd 1966. Halla Bergþóra er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Cand oecon frá Háskóla Íslands, sérsvið reikningshald og endurskoðun
- Starf: Sviðsstjóri þjónustu- og fjármálasviðs Norðurorku hf.
- Önnur trúnaðarstörf: Endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Þórshafnar 2010-2012, stjórnamaður í Ásprent Stíl ehf., varaformaður stjórnar í Netorku hf. og stjórnarformaður í Vistorku hf.

Unnar Már Pétursson (sjá umfjöllun hér að framan)

Tryggi Jóhannsson (sjá umfjöllun hér að framan)

Framkvæmdastjóri:

Jóhann Steinar Jóhannsson, fæddur 1982.

- Menntun: Stúdent frá Verkmenntaskólanum á Akureyri af Viðskipta- og hagfræðabraut, B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. í viðskiptafræði frá háskólanum í Lund í Svíþjóð.
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnamaður í Bakkastakk slhf. (stjórnarlaun renna til Stapa lífeyrissjóðs) og situr í fastanefnd á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða (ekki er greitt fyrir nefndarsetuna).

Viðauki 1 - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stapi lífeyrissjóður telst til eininga tengdum almannahagsmunum, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga og getur því í skýrslu stjórnar upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í samræmi við gr. 66. d sömu laga. Jafnframt er gert grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Viðskiptalíkan

Stapi lífeyrissjóður er lífeyrissjóður fyrir launamenn á almennum vinnumarkaði á svæðinu frá Hornafirði til Hrútafjarðar. Hjá sjóðnum starfa 17 starfsmenn á starfsstöðvum á Akureyri og Neskaupstað. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullt starfsleyfi. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir. Þannig móttetur sjóðurinn iðgjöld sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út eftirlaun, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Stefna sjóðsins í samfélagsmálum

Í því skyni að stuðla að góðum stjórnarháttum og m.a. sporna við spillingar- og mútumálum í tengslum við starfsemi sjóðsins er m.a. byggt á eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar Stapa, samþykktar af stjórn í september 2018
- Verlagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga, samþykktar af stjórn í september 2018
- Siðareglur fyrir Stapa lífeyrissjóð, samþykktar af stjórn í september 2011
- Reglur fyrir Fjárfestingarráð Stapa lífeyrissjóð, samþykktar af stjórn í ágúst 2018
- Reglur Stapa lífeyrissjóðs um heimildir stafsmanna og áritanir, samþykktar af stjórn í september 2013
- Reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, samþykktar af stjórn í nóvember 2017
- Reglur um frávikaskrár, samþykktar af stjórn í febrúar 2009
- Reglur Stapa lífeyrissjóðs um varnir gegn peningaþvætti, samþykktar af stjórn í júní 2017
- Fjárfestingarferill, samþykktur í stjórn í ágúst 2018
- Ferli vegna bókhalds, samþykkt í stjórn í júní 2017
- Ferli við skráningu iðgjalda og greiðslna, samþykkt í stjórn í nóvember 2017
- Verlagsreglur um lykilstarfsmenn, samþykktar í stjórn í september 2012
- Áhættustefna, samþykkt í stjórn í maí 2018
- Leiðbeiningar og stefnumið um stjórnarhætti, fyrirsvar og félagslega ábyrgar fjárfestingar, samþykktar í stjórn í nóvember 2015
- Starfsmannastefna, samþykkt í stjórn í janúar 2018
- Reglur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga, samþykktar í stjórn í september 2018

Sjóðurinn er ekki aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN Principles for Responsible Investments) en notar m.a. slíkar reglur til að meta hegðun fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í m.t.t. samfélagslegra þátta.

Stapi er stofnaðili að íslenskum samtökum um ábyrgðar fjárfestingar, IcelandSIF, sem stofnuð voru á árinu 2017. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga

Viðauki 1 - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn er einn af 23 stofnaðilum sem tók þátt í stofnun samtakanna en á meðal stofnaðila eru fjármálfyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög. Stjórn og starfsmenn Stapa eru vörsluaðilar lífeyrissparnaðar sjóðfélaga og ber að standa vörð um hagsmuni þeirra og hafa þá að leiðarljósi í störfum sínum. Í því er meðal annars fólgin sú krafa að sjóðurinn stuðli að því að bestu faglegu viðmið um stjórnarhætti séu í heiðri höfð hjá þeim fyrirtækjum þar sem sjóðurinn fjárfestir eða felur eignastýringu fyrir hönd sjóðsins. Með aild að IcelandSIF stefnir Stapi að því að verða virkur þáttakandi í umræðu um stjórnarhætti og ábyrgt fyrirsvar.

Í reglum sjóðsins, fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og reglubundnum skýrslum til stjórnar sjóðsins er fjallað með skipulegum hætti um ýmsa áhættuþætti í rekstri sjóðsins. Þá inniheldur fjárfestingarstefna sjóðsins vegna ársins 2019 umfjöllun um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins.

Starfsmannamál

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt starfsmannastefnu fyrir sjóðinn. Þar kemur fram að Stapi leggi áherslu á starfsánægju, gott starfsumhverfi, markvissa fræðslu og þjálfun. Stefnan tiltekur einnig að starfsmenn sjóðsins eru metnir að verðleikum, óháð kynferði, aldri, þjóðerni eða trú. Það er markmið sjóðsins að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri til starfa, launa, umbunar, starfsþjálfunar og aðstöðu.

Stapi leitast við að hafa starfsumhverfi, tæki og aðbúnað með bestum hætti á hverjum tíma og tryggja öryggi starfsfólks í vinnu. Sjóðurinn metur reglulega þörf á endurnýjun búnaðar og aðstöðu starfsfólks. Stefna Stapa er að stuðla að heilsusamlegu lífneri starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu og styrkir starfsfólk til líkamsræktar með fjárframlagi.

Í desember sl. framkvæmdi sjóðurinn starfsánægjukönnun til að fylgja eftir framkvæmd starfsmannastefnu og ákvarða áherslur í starfsmannamálum. Stefnt er að því að endurtaka starfsánægjukönnunina með reglulegu millibili til að eiga kost á því að grípa inn í óheillavænlega þróun á upplifun starfsmanna af vinnustað sínum.

Umhverfismál

Stapi hefur tekið í notkun miðlægan aðgangsstýrða prentlausn með það að markmiði að draga úr pappírsnotkun sjóðsins. Þá miðar sjóðurinn að því að koma raftækjum sem ekki eru lengur í notkun sjóðsins í endurnýtingu eða endurvinnslu. Lögð er áhersla á að lágmarka og flokka úrgang sem fellur til í starfsemi sjóðsins.